

GJALDSKRÁ

fyrir urðun á úrgangi í Þernunesi, Fjarðabyggð.

1. gr.

Lög og reglur.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar innheimtir gjöld vegna urðunar á úrgangi í Þernunesi, sbr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

2. gr.

Þjónustugjald á urðunarstað.

Viðskiptavinir greiða fyrir úrgang eftir þyngd (kr./kg) samkvæmt gjaldskrá.

Gjöld vegna móttöku og/eða meðhöndlunar úrgangs á móttökustöð í Þernunesi eru eftirfarandi:

	kr./kg með vsk
Blandaður/grófur úrgangur	76
Timbur	58
Múrbrot	76
Aðrir flokkar heimilaðir á urðunarstað	60*

* Ef vinna þarf úrgang sérstaklega fyrir urðun er heimilt að innheimta tímagjald skv. gjaldskrá.

3. gr.

Starfsreglur á urðunarstað.

- Öll losun skal fara fram í samráði við rekstraraðila, Fjarðabyggð.
- Flutningsaðilum ber að virða opnunartíma urðunarstaðarins og nýta sér hann eftir fremsta megni. Ef flutningsaðili þarf að losa sorp utan opnunartíma ber að tilkynna það til rekstraraðila með hæfilegum fyrirvara eða að lágmarki tveimur klukkustundum.
- Allur úrgangur skal umfangsminnkaður áður en hann berst á urðunarstað þar á meðal pressanlegur úrgangur sem skal berast pressaður.
- Aðeins fyrirtækjum með starfsleyfi til að flytja úrgang er heimilt að koma með úrgang beint í móttökustöðina í Þernunesi nema að fenginni undanþágu hjá Fjarðabyggð.
- Ekki er heimilt að flytja úrgang sem á uppruna sinn utan sveitarfélagsins á urðunarstað án leyfis Fjarðabyggðar. Fjarðabyggð getur með samþykki lagt 50% hærri gjald á slíkan úrgang en segir í 2. mgr.
- Flutningsaðili ber ábyrgð á þeim farmi sem hann flytur inn á urðunarstaðinn þar til hann hefur verið mótttekinn. Förmum sem innihalda úrgang sem óheimilt er að losa á urðunarstað skv. reglugerð nr. 738/2003, eða úrgang sem væri hæfur til endurvinnslu, verður hafnað. Komi í ljós að farmur innihaldi slíkan úrgang eftir að losun fer fram skal flutningsaðili bera allan kostnað við að fjarlægja hann. Auk þess getur sveitarfélagið dregið til baka heimild til farmlosunar á urðunarstað.
- Rekstraraðili urðunarstaðar áskilur sér rétt til að hafna losun á urðunarstað þegar vindstyrkur fer yfir 10 m/sek. eða vindátt stendur þannig að losun sorps sé ekki viðráðanleg.

8. Við komu á urðunarstaðinn fer fram vigtun og skráning ásamt greiningu á gerð farms og uppruna hans. Starfsmaður sér um skráningu í samstarfi við flutningsaðila.

4. gr.

Aðrar heimildir.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustubætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til svo sem múrbrot og malbik.

5. gr.

Staðfestingar og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Fjarðabyggðar með stoð í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Fjarðabyggð nr. 1415/2025, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2026. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1536/2024.

Fjarðabyggð, 11. desember 2025.

Jóna Árný Þórðardóttir bæjarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 23. desember 2025